

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 17. desember 2019 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-45/2019.

I

Álitaefni og kröfugerð

Þann 18. júní 2019 bað X hér eftir álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á nýrri bifreið af Y, hér eftir seljandi. Álitsbeiðandi reisir málatilbúnað sinn fyrir nefndinni á því að bifreiðin sé haldin galla og krefst samkvæmt því þess að seljandi beri allan kostnað vegna nauðsynlegrar viðgerðar á ryðblettum sem myndast hafi á bifreiðinni, þar á meðal vegna samlitunar á afturbretti hennar.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 12. ágúst 2019, var seljanda gefinn kostur á andsvörum við álitsbeiðninni og var honum veittur tveggja vikna frestur í því skyni. Seljandi nýtti sér þá heimild og bærust andsvörin þann 28. ágúst 2019. Andsvör seljanda voru send til álitsbeiðanda 29. ágúst 2019 og var honum bent á heimild til að hafa uppi athugasemdir vegna þeirra. Álitsbeiðandi nýtti sér þá heimild og bærust nefndinni athugasemdirnar þann 23. september 2019. Athugasemdir álitsbeiðanda voru sendar til seljanda og honum bent á heimild til að hafa uppi frekari andsvör vegna athugasemdanna. Seljandi nýtti sér þá heimild og bærust andsvörin 4. október 2019. Nefndinni bærust ekki frekari athugasemdir eða gögn frá málsaðilum. Með bréfi, dags. 13. desember 2019, var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Álitsbeiðandi festi kaup á bifreiðinni XX-000, af gerðinni Skoda Octavia, árgerð 2016, þann 16. júní 2016 fyrir alls 4.143.882 krónur, en bifreiðin var keypt ný hjá seljanda. Þegar tæplega þrjú ár voru liðin frá kaupunum kveðst álitsbeiðandi hafa tekið eftir ryðskemmdum undir lakki á nokkrum stöðum á vinstra afturbretti bifreiðarinnar. Lýsir álitsbeiðandi því að eftir skoðun á bifreiðinni hafi seljandi fallist á að greiða fyrir viðgerð á ryðblettunum, en í því tilboði hafi falist ný lakkáferð á vinstra afturbretti. Seljandi hafi hins vegar ekki fallist á að greiða fyrir svokallaða samlitun, þ.e. að svæðið í kringum vinstra afturbrettið yrði einnig sprautað til að koma í veg fyrir eða takmarka litamismun á lakkinu.

Álitsbeiðandi greinir frá því að undir rekstri málsins fyrir nefndinni, nánar tiltekið þann 15. júlí 2019, hafi hann farið með bifreiðina í viðgerð á bifreiðaverkstæðið Z. Hafi álitsbeiðanda þar verið bent á að samlitun væri nauðsynleg við framkvæmd viðgerðarinnar vegna þess hversu nálægar skemmdirnar væru vinstri afturhurð bifreiðarinnar. Hafi álitsbeiðandi látið framkvæma þá nauðsynlegu viðgerð og greitt verkstæðinu 50.685 krónur fyrir tilgreinda samlitun.

Álitsbeiðandi byggir á að lakk bifreiða eigi að endast lengur en tæp þrjú ár. Samkvæmt því hafi bifreiðin verið haldin galla við kaupin. Bendir álitsbeiðandi á að hann verði fyrir jafn miklu tjóni vegna útlitsgalla á bifreiðinni ef litamismunur myndast við viðgerð. Krefst álitsbeiðandi þess því að seljanda verði gert að greiða kostnað vegna viðgerðarinnar að fullu.

IV

Andsvör seljanda

Í andsvörum sínum bendir seljandi á að bifreiðin hafi verið seld með 24 mánaða ábyrgð vegna verksmiðjugalla samkvæmt undirliggjandi ábyrgðarskilmálum. Þá hafi bifreiðinni verið ekið um 93.000 km þegar hún hafi verið skoðuð vegna ryðskemmda þann 7. maí 2019. Byggir seljandi á að hinar umþrættu skemmdir á lakki bifreiðarinnar hafi verið til komnar vegna ákomuskemmda og að því sé ekki um ábyrgðarmál að ræða vegna galla. Þrátt fyrir það hafi seljandi komið til móts við álitsbeiðanda vegna viðskiptavildar og ákveðið að greiða fyrir málun á brettinu en ekki samlitun líkt og álitsbeiðandi hafi krafist. Vísar seljandi til þess að samlitun sé oft ekki nauðsynleg og henni því sleppt en álitsbeiðandi hafi samþykkt tilboð í samlitunina. Seljandi bendir einnig á að þegar bifreiðin fór í viðgerð hafi komið í ljós rispa á þeim fleti sem átti að samlita. Þrátt fyrir að meiri vinna hafi farið í viðgerð hafi áður uppgafið verið fyrir samlitunina ekki breyst. Samkvæmt því hafnar seljandi kröfu álitsbeiðanda í málinu.

V

Athugasemdir álitsbeiðanda við andsvör seljanda

Í athugasemdum sínum við andsvör seljanda bendir álitsbeiðandi á að samkvæmt ábyrgðarskilmálum framleiðanda sé 24 til 36 mánaða ábyrgð á göllum í lakki eða undirvinnu þess en ekki aðeins 24 mánaða ábyrgð líkt og seljandi haldi ranglega fram í málinu. Þá vísar álitsbeiðandi til þess að í sérstökum skilmálum seljanda komi eftirfarandi fram: *„framleiðendur ábyrgjast yfirbyggingu bifreiðarinnar gagnvart gegnumryðgun í 12 ár með þeim skilyrðum, sem sett eru í ábyrgðarskilmálum. Gegnumryðgun er skemmd af völdum ryðs sem byrjar á innri hlið yfirbyggingar og endar með sýnilegri skemmd, eða gati á ytri hlið.“*

Álitsbeiðandi kveður rangt að lakkskemmdirnar séu svokallaðar ákomuskemmdir líkt og seljandi reisi málalíbúnað sinn á. Vísar álitsbeiðandi jafnframt til þess að seljandi hafi ekki sýnt fram á slíkar ákomuskemmdir þrátt fyrir að hafa tekið smásjármyndir af ryðbólunum með 50 x stækkun. Þá kveðst álitsbeiðandi hafa bent þjónustufulltrúa seljanda á að tæring hefði byrjað undir lakki á vinstra afturbretti sem leitt hafi til rofs á lakkinu. Það að lakkskemmdir hafi aðeins verið að finna á vinstra afturbretti bifreiðarinnar telur álitsbeiðandi staðfestingu á að um framleiðslugalla sé að ræða. Auk þess bendir álitsbeiðandi á að ákomuskemmdir megi finna annarstaðar á bifreiðinni eftir steinkast en þar sé þó hvergi að finna tæringu eða ryð. Álitsbeiðandi kveðst hafa greitt fyrir samlitunina með fyrirvara vegna meðferðar málsins hjá kæruneftndinni.

VI

Frekari andsvör seljanda

Í frekari andsvörum sínum bendir seljandi á að ábyrgð á verksmiðjugöllum sé samkvæmt skilmálum framleiðanda 24 mánuðir. Ábyrgð á lakkskemmdum geti hins vegar verið skilyrt til 36 mánaða vegna galla í lakki eða undirvinnu þess. Skilyrðin séu þau að ástand lakksins sé skoðað í hverri þjónustuskoðun og niðurstaðan bókuð. Þá ábyrgist framleiðandi ábyrgð á yfirbyggingu vegna gegnumryðs í 12 ár með skilyrðum sem sett séu í ábyrgðarskilmálum. Seljandi ítrekar að bólur á vinstra afturbretti séu tilkomnar vegna ákomuskemmda og því sé ekki um ábyrgðarmál að ræða vegna framleiðslugalla. Hins vegar hafi verið ákveðið að greiða fyrir málun á brettinu vegna viðskiptavildar en ekki hafi verið fallist á að greiða einnig fyrir samlitun, í samræmi við kröfugerð álitsbeiðanda. Að öðru leyti vísaði seljandi til fyrri athugasemda til nefndarinnar vegna sakarefnisins.

VII

Niðurstaða kæruneftndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup, sbr. 1. – 3. mgr. 1. gr. laganna.

Líkt og að framan er rakið keypti álitsbeiðandi bifreiðina XX-000, af gerðinni Skoda Octavia árgerð 2016, nýja af seljanda þann 16. júní 2016. Tæplega þremur árum síðar, eða í maímánuði 2019, fór álitsbeiðandi með bifreiðina í skoðun til seljanda vegna ryðskemmda sem hann hafði tekið eftir í lakki á vinstra afturbretti bifreiðarinnar. Ágreiningslaust er að seljandi féllst á að greiða fyrir viðgerð vegna málunar á afturbrettinu en álitsbeiðanda var gert að greiða 50.685 krónur fyrir samlitun til að koma í veg fyrir litamismun eftir viðgerðina.

Álitsbeiðandi telur að seljanda hafi borið að greiða fyrir viðgerðina að fullu ásamt samlitun enda hafi ábyrgð í málinu verið viðurkennd af hálfu hins síðarnefnda. Seljandi byggir hins vegar á að ekki hafi verið um galla að ræða á ábyrgð aðilans heldur hafi hann þvert á móti komið til móts við álitsbeiðanda, þar á meðal á grundvelli sjónarmiða um viðskipavild. Byggir seljandi samkvæmt því á að skoðun hafi leitt í ljós að hinar umþrættu lakkskemmdir stöfuðu af utanaðkomandi þáttum, þ.e. svonefndum ákomuskemmdum.

Kærunefndin álitur að 2. mgr. 27. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup (nkpl.) eigi við í málinu, en í ákvæðinu er fjallað um fresti neytenda til að bera fyrir sig galla. Þar segir:

„Ef neytandi leggur ekki fram kvörtun innan tveggja ára frá þeim degi er hann veitti söluhlut viðtöku getur hann ekki borið gallann fyrir sig síðar. Ef söluhlut, eða hlutum hans, er ætlaður verulega lengri endingartími en almennt gerist um söluhluti er frestur til að bera fyrir sig galla fimm ár frá því að hlutum var veitt viðtaka. Þetta gildir ekki ef seljandi hefur í ábyrgðaryfirlýsingu eða öðrum samningi tekið á sig ábyrgð vegna galla í lengri tíma. Frestir skv. 1. og 2. málsl. eiga ekki við ef um er að ræða galla skv. g-lið 2. mgr. 15. gr.“

Íhlutum bifreiða er ætlaður mislangur endingartími, sumir íhlutir slitna við notkun og þá þarf að endurnýja reglulega með eðlilegu viðhaldi á meðan gera má ráð fyrir að aðrir íhlutir endist mun lengur. Kærunefndin hefur litið svo á, meðal annars í máli nr. 39/2009, að lakk á ytra byrði bifreiða eigi að geta enst lengur en almennt gerist um söluhluti. Er kvörtunarfrestur vegna mögulegs framleiðslugalla í þeim tilfellum því allt að fimm ár í samræmi við framangreint ákvæði. Sem fyrr segir kvartaði álitsbeiðandi undan umræddum galla, sem mál þetta tekur til, við seljanda tæplega þremur árum eftir að kaup áttu sér stað. Hefur álitsbeiðandi því borið fyrir sig mögulegan galla á bifreiðinni innan þess tímafrests sem kveðið er á um í 2. mgr. 27. gr. nkpl.

Um eiginleika söluhlutar, galla o.fl. er kveðið á um í IV. kafla laga nr. 48/2003. Samkvæmt 1. mgr. 15. gr. laganna skal söluhlutur, hvað varðar tegund, magn, gæði, aðra eiginleika og innpökkun, fullnægja þeim kröfum sem leiðir af samningi. Ef annað leiðir ekki af samningi skal söluhlutur henta í þeim tilgangi sem sambærilegir hlutir eru venjulega notaðir til og hafa þá eiginleika til að bera sem neytandinn mátti vænta við kaup á slíkum söluhlut að því er varðar endingu og annað, sbr. a. og b. lið 2. mgr. 15. gr. nkpl. Samkvæmt a. lið 1. mgr. 16. gr. nkpl. telst söluhlutur vera gallaður ef hann er ekki í samræmi við þær kröfur sem fram koma í 15. gr. laganna. Söluhlutur telst þó ekki gallaður nema gallinn sé „hvorki sök neytanda né stafar af aðstæðum sem hann varða“ líkt og fram kemur í 1. mgr. 26. gr. nkpl.

Samkvæmt 1. mgr. 18. gr. nkpl. skal við mat á því hvort söluhlutur er gallaður miða við það tímamark þegar áhættan af söluhlut flyst yfir til neytenda, jafnvel þótt gallinn komi ekki fram fyrr en síðar. Í 2. mgr. 18. gr. nkpl. er kveðið á um að ef annað sannast ekki skuli

galli, sem upp komi innan sex mánaða frá því tímamarki þegar áhættan af söluhlut fluttist yfir til seljanda, talinn hafa verið til staðar á því tímamarki þegar áhættan af söluhlut fluttist yfir til neytanda nema í þeim tilvikum þegar telja verður að það geti ekki á nokkurn hátt samrýmst eðli gallans eða vörunnar. Þá ber seljandi einnig einnig ábyrgð á galla sem fram kemur síðar ef ástæðu gallans má rekja til vanefnda af hans hálfu, sbr. 3. mgr. 18. gr. nkpl. Sama á við þegar seljandi hefur með ábyrgðaryfirlýsingu eða öðrum hætti ábyrgst að hluturinn hafi tiltekna eiginleika eða að hlut megi nota með venjulegum eða sérstökum hætti tiltekinn tíma eftir afhendingu. Um áhættuflutning er kveðið á um í 14. gr. laganna en samkvæmt meginreglu 1. mgr. ákvæðisins flyst áhættan yfir til neytanda þegar söluhlutur hefur verið afhentur í samræmi við ákvæði 7. gr. laganna.

Undir eðlilegum kringumstæðum ætti lakk bifreiða að geta enst án skemmda í langan tíma líkt og að framan greinir. Hvað sem því líður þá liggur fyrir, eins og atvikum er háttáð, að sönnunarbyrði hvílir á álitsbeiðanda um að bifreiðin hafi verið haldin galla í skilningi laga nr. 48/2003 við sölu hennar og áhættuflutning. Fyrir liggur í máli þessu að umþrættar skemmdir á lakki bifreiðinnar komu í ljós tæplega þremur árum eftir að kaup áttu sér stað í júnímánuði 2016. Að mati nefndarinnar verður ekki fram hjá því litið að lakk á ytra byrði bifreiða er viðkvæmt og getur án fyrirvara orðið fyrir skemmdum eða öðru hnjaski vegna ytri áhrifa þrátt fyrir góða umhirðu og viðhald.

Að teknu tilliti til gagna málsins, þar á meðal andmæla seljanda gegn málatilbúnaði álitsbeiðanda, sem og með hliðsjón af atvikum öllum er það mat nefndarinnar að álitsbeiðandi hafi ekki sýnt fram á að viðkomandi bifreið hafi verið haldin galla í skilningi IV. kafla laga nr. 48/2003 við sölu hennar og áhættuflutning á árinu 2016 vegna þeirra atvika sem mál þetta tekur til.

Samkvæmt því verður að hafna kröfu álitsbeiðanda í máli þessu.

VIII Álitsorð

Kröfu álitsbeiðanda, X, er hafnað.

Sölvi Davíðsson
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Ívar Halldórsson